

3 9. jan. kr. meðgjöf um vikuna, verða þó þessir 69 rd. 77½ sk. eða 139 kr. 61 e. meðgjöf, sem Bólstaðarhlíðarhreppur hefir látið með ómaga þeim, er hjer ræðir um, frá 10. apríl 1874 til 1. júlí 1875, þ. e. í 64 vikur alls, eða, sjeu þessar 4 vikur með 2 kr. 66. a. meðgjöf hver, er nú var áminnt, dregnar frá, í 60 vikur alls, samtals 129 kr., eða 2 kr. 15 a. um vikuna, eigi kölluð ósanngjörn meðgjöf með svo erfiðum og óþægilegum ómaga, er sjá má að Sigurlaug hefir verið; og getur það eigi komið til greina í því efni, að henni hefir áður verið komið fyrir í öðrum hreppum með vægari meðgjöf eða þeir hafa látið sjer nægja lægra endurgjald frá framfærslusveit hennar.

Með því að Bólstaðarhlíðarhreppur hefir í raun og veru haft þann kostnað, er hjer ræðir um, af framfærslu margnefndrar Sigurlaugar, og með því að þessi kostnaður virðist eigi að hafa verið ósanngjarn eða í bága við sparnað þann, er við á að hafa, er slíkum ómögum er komið fyrir, eptir því sem fyrir er mælt í fátækrareglugjörð 8. janúar 1834, er úrskurði þeim, er amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu hefir upp kveðið í máli þessu 8. septbr. 1876, hjer með breytt á þá leið, að Svínavatnshreppur skyldast til að endurgjalda Bólstaðarhlíðarhreppi allan þann kostnað, er hann hefir lagt fram til framfærslu Sigurlaugar Ólafsdóttur, alls 139 kr. 61 e., að frádregnu, því sem búið er að greiða upp í þetta.

4 11. jan. — *Brjef landshöfðingja til amtmanns yfir norður- og austurumdæminu um framfærslu sveitarómaga.* Með brjefi, dags. 6. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef, dags. 23. jan. f. á., frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, með 20 fylgiskjölum, og áfrýjar hreppsnefndin í Borgarfjarðarhreppi samkvæmt þeim úrskurði amtsins frá 27. október 1876, þar sem ágreiningi um skyldu Loðmundarfjarðarhrepps til að endurgjalda Borgarfjarðarhreppi sveitarstyrk, er lagður hafði verið þar Birni nokkrum Guttormssyni, og nam 90 kr., er vísað til dómsúrslita.

Út af þessu læt jeg yður þjónustusamlega tjáð, herra amtmaður, það er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli.

Björn þessi Guttormsson, er með úrskurði norður- og austuramtsins 11. júlí 1861 var dæmdur sveitlægur í Loðmundarfjarðarhreppi, hefir, að því er fram hefir komið í málinu, fengið 90 kr. lán af Borgarfjarðarhreppi í sveitarstyrksskyni árin 1861 og 1862, og hefir hann gefið skriflega skuldarjátningu fyrir nokkru af því. Hinn 4. nóvbr. 1861 og 14. febr. 1863 leitadi Borgarfjarðarhreppur sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um að fá lán þetta endurgoldið, en sýslumaður svaradi í hvorutveggja skipti, að hreppurinn væri eigi fær um það. Skrifadi þá hreppstjórinn í Borgarfjarðarhreppi til amtmannsins í norður- og austurumdæminu 28. nóvbr. 1863 og bað hann að hlutast til um, að hreppurinn fengi skuldina borgaða. Amtmaður svaradi 1. marz 1864, að «að vísu virðist honum enginn vafi á því, að hinnar umgetnu skuldar sje rjettilega krafizt, og að Loðmundarfjarðarhreppi beri að svara henni, að því leyti Björn ekki sje þess megnugur; en eptir því sem skýrt sje frá høgum þessa hrepps í brjefi sýslumanns 20. febr. 1864, sýnist lítil líkindi til þess að hann sje fær um að greiða hana, og vilji hann (amtmaður) því leggja það til, að sýslumaður skori á hreppstjóranum í Borgarfjarðarhreppi, að hann láti hina umræddu skuld standa ógreidda í svo sem 5 ára tíma, og ætti þá Borgarfjarðarhreppur að verða laus við frekara tillag til hjálpar Loðmundarfjarðarhreppi, þó hinum öðrum hreppum sýslunnar yrði gjört að skyldu að lúka einhverju í því skyni». Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefir tilkynnt hreppstjóranum í Borgarfjarðarhreppi þetta brjef 4. apríl 1864, en aptur hefir hreppsnefndin í Loðmundarfjarðarhreppi fullyrt, að það hafi eigi verið birt hreppstjóranum þar fyr en nú,

að farið var að hreifa við málinu aptur, enda sjest það, að þegar hreppstjórinn í Borgarfjarðarhreppi kallaði eptir láninu í brjefi til hreppstjórans í Loðmundarfjarðarhreppi 3. marz 1869, samkvæmt framangreindum amtsúrskurði, hefir hann í svari sínu 7. apríl s. á. borið fyrir sig, að úrskurður þessi hafi aldrei verið birtur sjer. 4
11. jan.

Þetta atríði, ásamt því, að amtsbrjefið 1. marz 1864 telur að vísu vafalausa skyldu Loðmundarfjarðarhrepps að endurgjalda umgetnar 90 kr., en efni þess er þó jafnframt eða einkum það, að leggja til, að Borgarfjarðarhreppur veiti líðan á skuldinni, og er um leið gefið í skyn, að Loðmundarfjarðarhreppur kynni að fá hjálp til að borga hana hjá hinum hreppunum í sýslunni, — veldur því, að því er mjer virðist, að nauðsynlegt verður að útkljá mál þetta til fulls og alls með yfirvaldsúrskurði, og það því fremur, sem mótmæli þau, er sveitarstjórnin í Loðmundarfjarðarhreppi kemur með gegn því að gjalda skuldina, eru þess eðlis, að þau liggja einnig undir úrskurð yfirvaldanna.

Þar sem hreppsnefndin í Loðmundarfjarðarhreppi þannig heldur, að með því að láta Björn Guttormsson gefa út skuldabryf fyrir nokkru af styrknum, sem sveitarstjórnin í Borgarfjarðarhreppi ljet hann fá, hafi hún bakað sjer þá skuldbindingu, að eiga við skuldnaut sjálfan um borgunina, og með því að kalla eigi eptir skuldinni, er búi hans var skipt í Suður-Múlasýslu eptir konu hans látna eða að reyna eigi að fá hann til að borga skuldina sjálfan, sem hann er talinn hafa verið fær um 7 árin síðustu áður en mál þetta var hafið, hafi hún fyrirgert tilkalli sínu til endurgjalds frá framferslusveitinni; og þar sem loksins í þessu efni er vísað í amtsúrskurðinn frá 1. marz 1864, er talar um skyldu Loðmundarfjarðarhrepps til að endurgjalda umgetnar 90 kr., »að því leyti Björn sje þess eigi megnugur«, þá verða þessi mótmæli eigi tekin til greina, með því að eptir fátökrareglugjörðinni 8. janúar 1834, 9. gr., á sú sveitarstjórn, er veitir þurfamanni, sem á sveit annarstaðar, styrk til bráðabirgða, beinan og frjálsan aðgang að endurgjaldi hjá framfersluhreppnum, því hún hefir fyrir hans hönd greitt sveitarstyrkinn til bráðabirgða.

Með því að eigi hafa fram komið nein mótmæli gegn því, að Björn Guttormsson hafi verið sveitlægur í Loðmundarfjarðarhreppi, nje verið kvartað um, að sveitarstyrkur sá, er honum var lagður í Borgarfjarðarhreppi árin 1861 og 1862, fyrir þá skuld, að sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu hafði úrskurðað hann sveitlægan þar, en þeim úrskurði breytti amtmaður með framangreindum úrskurði 11. júlí 1861, hafi verið of mikill; með því að eigi hefir vanrækt verið frá hálfu Borgarfjarðarhrepps að láta sýslumann vita undir eins og styrkurinn var í tje látinn, nje að leitast við að fá hann endurgoldinn, fyrir fulltingi hans og amtmanns; og með því að Borgarfjarðarhreppur hefir eigi misst rjett sinn til endurgjalds þótt, sveitarstjórnin veitti frest þann á lúkningu skuldarinnar, er amtmaður stakk upp á, nje þótt hún ljeti það svona vera umtalslaust, að fresturinn varð lengri en til var ætlazt upphaflega, — er úrskurði þeim, er þjer hafið lagt á mál þetta, herra amtmaður, 27. október 1876, hjer með breytt á þá leið, að Loðmundarfjarðarhreppur skyldast til að endurgjalda Borgarfjarðarhreppi þær 90 kr., er hjer ræðir um. Þar sem Borgarfjarðarhreppur hefir krafizt sjer greidda lagavexti af skuldinni frá 3. marz 1869 og Loðmundarfjarðarhrepp skyldaðan til að greiða í sekt 4 kr. fyrir hverja viku, er skuldin verði látin ógoldin um fram 3 mánuði eptir að þessi úrskurður er birtur, þá finn jeg eigi ástæðu til að taka þá kröfu til greina, en aptur eruð þjer, herra amtmaður, beðnir að sjá um, að eigi verði nú látið dragast frekar að lúka þessa gömlu skuld.

— *Auglýsing* landshöfðingja um fjallvegabætur árið 1878. -- Samkvæmt lögum um vegina á Islandi 15. okt. 1875, 3. gr., er hjer með ákveðið, að af fje 5
15. jan.